

**Borgarstjórn Reykjavíkur**  
**13. febrúar 2024**

## **Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um að finna lóð fyrir fljótbyggð hús fyrir Grindvíkinga**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að finna lóð í borgarlandinu fyrir t.d. skandinavísk eða kanadísk einingahús fyrir þá Grindvíkinga sem vilja setjast að í Reykjavík í stað þess að snúa aftur til Grindavíkur þar sem mikil óvissa ríkir um framtíðarbúsetu vegna eldsumbrota og jarðhræringa.

### **Greinargerð**

Í kjölfar eldgossins í Heimaey í Vestmannaeyjum 1973 flúðu nær allir íbúar eyjunnar upp á land. Þetta eldgos átti síðar eftir að hafa það í för með sér að eitthvað af íbúum eyjarinnar snéru ekki til baka og þurftu að finna sér ný heimkynni til framtíðar. Eitt af því sem Íslendingar gerðu þá til að mæta bráðum húsnæðisvanda Eyjamanna var að fá viðlagasjóð til að kaupa til landsins 550 timbureiningahús í skandinavískum stíl sem smíðuð voru á Norðurlöndum og í Kanada og voru reist á um 20 stöðum á landinu. Byggt var m.a. í Breiðholti, nánar tiltekið við Keilufell, þar sem reist voru 40 sænsk hús. Í dag er þetta hverfi rómantískt og skemmtilegt smáhýsahverfi sem er sómi af í borgarlandinu. Nú bregður svo við að vegna jarðhræringa og eldgosavá á Reykjanesi hefur þurft að rýma alla Grindavík og ekki er vitað hvenær og yfir höfuð hvort hægt sé að snúa til baka. Grindvíkingar eru því í bráðri þörf fyrir nýtt heimili sem allra fyrst. Flokkur fólksins leggur til að borgarstjórn sýni frumkvæði í því að finna Grindvíkingum sem þess óska ný heimkynni í Reykjavík m.a. með því að reisa einingahús sambærileg þeim sem reist voru í kjölfar eldgossins í Heimaey 1973.